

# Aðalfundur foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands

haldinn í Bláa sal skólans, 27. september 2016, kl. 19:30

Foreldrafélagið sendi út fundarboð á fésbókarsíðu foreldrafélagsins, auk þess sem Gunninga sendi póst á alla foreldra skólans til að minna á fundinn. Í fyrsta skipti voru foreldrar hvattir til að smella á mætingarhnappinn á fésbókinni til að auðvelda foreldrafélaginu að áætla fjölda foreldra vegna veitingakaupa. Mætingin var mjög góð eða um 250 manns voru mættir sem sprengdi fyrra met að aðsókn á fund foreldrafélagsins.

1. María Björk, formaður foreldrafélagsins, byrjaði á að bjóða alla velkomna á foreldravöldið og kynnti stuttlega dagskrána sem framundan yrði. Dagskráin var eftirfarandi:
  - ✓ Hefðbundin aðalfundarstörf skv. lögum félagsins
  - ✓ NFVÍ – hvað er að gerast í vetur ?
  - ✓ Hlé, tækifæri til tengslamyndunar yfir gómsætum veitingum
  - ✓ Fyrirlesturinn „Verum ástfanginn af lífinu“ Þorgrímur Þráinsson
  - ✓ Dagskrárlök áætluð um kl. 22:00
2. Kjör fundarstjóra. María Björk Óskarsdóttir var kjörin fundarstjóri
3. Kjör fundarritara Margrét Ármann var kjörin fundarritari
4. Skýrsla stjórnar. María flutti skýrslu stjórnar. Hún kynnti hverjir sitja í foreldraráði og sagði frá störfum foreldraráðsins í stuttu máli. Hún kynnti einnig Facebook síðu félagsins sem er virk í miðlun upplýsinga á meðal foreldra og sagði frá síðasta fundi foreldrafélagsins sem var einnig fyrsti fundur þessa skólaárs þegar ráðið fundaði með nýjum forseta NFVÍ og öðrum félagslífsfulltrúanum, Pálínu Magnúsdóttur.

Á síðasta skólaári voru haldnir fimm formlegir stjórnarfundir ásamt einum árlegum fundi með skólastjórnendum. Félagið fundaði einnig með fulltrúum NFVÍ um félagslífið og almennt samstarf. Formaður foreldraráðs situr reglubundna fundi skólanefndar sem okkur í foreldrafélaginu þykir mjög jákvætt. María Björk útskýrði í hvað félagsgjöldin í foreldrafélaginu fara í, en aðalútgjaldaliðir félagsins eru eftirfarandi:

- edrúpottarnir en við gáfum enn fleiri peningavinninga en áður
- stuðningur við ballgæslu
- fyrirlestrar/fræðsla fyrir foreldra og /eða nemendur.

María Björk sagði frá foreldravöldunum á síðasta skólaári. Á haustönn kom Páll Ólafsson, félagsráðgjafi með fyrirlestur um jákvæð samskipti foreldra og barna/unglinga og hvað ber að varast, og á vorönn kom Arna Steinsen og fjallaði um kvíða og streitu hjá krökkunum okkar og hvernig þau eru oft að bugast undan álagi. Þann fyrirlestur bauð foreldrafélagið einnig nemendum upp á, á skólatíma en þar nálgast Arna hlutina frá öðru sjónarhorni en þegar hún ræddi við foreldra. María sagði einnig frá ballgæslunni og hvatti foreldra til að taka þátt í henni. Það er ákveðið aðhald fyrir krakkana okkar þegar foreldrar taka þátt, eins erum við að bæjga í burtu óæskilegum aðilum sem geta leynst fyrir framan böllin, og svo að kynnast skemmtilegum foreldrum. Ballgæslan gekk vel síðasta vetur og var ánægja með aðkomu foreldra að gæslunni bæði hjá kennurum skólans, félagslífsfulltrúum og hjá þeim aðilum sem leigja út húsnæði fyrir böllin. Mikill munur er á aðkomu eftir samkomur þar sem foreldrar eru öflugir við að tína upp rusl, sinna unglingum vel ef eitthvað er

ekki eins og það á að vera sem og að bægja umferð frá þegar það á við. Stjórn foreldrafélagsins lét lista ganga um salinn til að foreldrar gætu skráð sig í ballgæsluna. Það sem við í foreldrafélaginu höfum hug á að gera í vetur er að veita foreldrum og nemendum meiri stuðning í formi fyrirlestra og tengsla. Samkvæmt samtali við nemendur Verzló hafa þau áhuga á að fá kynningu á atvinnulífinu inn í skólann. Þar gætum við foreldrar tekið okkur saman þar sem við sinnum fjölbreyttum störfum innan þjóðfélagsins. Einnig viljum við taka þátt í kostnaði varðandi meiri fræðslu um m.a. kvíðann sem er að hrjá krakkana okkar í dag. María sagði frá vinnu að geðheilbrigðismálum sem eru í farvatninu hjá nemendafélaginu og verður geðheilbrigðisvika í janúar og mun foreldrafélagið styðja við bakið á nemendum með að kosta fræðslu inn í skólann varðandi þau mál t.d. Hugarfrelsi. Einnig ætlum við að stefna á að halda fleiri fyrirlestra fyrir foreldra í vetur a.m.k. einn eftir áramót. María hvatti foreldra til að koma í stjórn og sagði frá helstu verkefnum foreldrafélagsins yfir veturinn.

Margír í núverandi stjórn gefa kost á sér áfram. Þeir sem sitja í stjórninni núna og gefa kost á sér áfram eru:

- ▶ María Björk – 1. ár / 5. bekkur
- ▶ Hafsteinn Sv. – 5. bekkur
- ▶ Helga Sverris - 5. bekkur
- ▶ Svandís Sturlu– 2. ár
- ▶ Brynja Kristins– 2. ár
- ▶ Hjördís Björgvins – 2. ár
- ▶ Margrét Ármanns– 5. og 6. bekkur
- ▶ María Fjóla – 5. bekkur
- ▶ Þórdís Guðmundsdóttir – 6. Bekkur

Þeir sem hætta í stjórn eru :

- ▶ Helga María Rúnarsdóttir
- ▶ Sæunn Gísladóttir
- ▶ Þorlákur Traustason

Eftirfarandi þrír foreldrar með börn á 1. ári hafa haft samband og sýnt áhuga á að koma í stjórnina og verður haft samband við þá foreldra og þeir boðaðir á næsta fund.

- ▶ Arna Hrönn Aradóttir
- ▶ Gróa Másdóttir
- ▶ Inga Rut Jónsdóttir

María sagði frá stefnumótunarfundi Verzlunarskólans sem er hluti af sjálfsmati skólans sem var byrjað á að vinna að núna á haustdögum, en sú vinna er á fimm ára áætlun.

5. Hafsteinn lagði fram reikninga félagsins til samþykktar. Hann byrjaði á að fara yfir lög félagsins en engar breytingar hafa orðið á lögum félagsins. Innheimtur félagsgjalda hafa verið frammúrskarandi góðar og hefur því foreldrafélagið getað verið með fleiri vinninga í edrúpottinum og boðið upp á fræðsluerindi bæði fyrir foreldra og nemendur. Gjaldahliðin kynnt, aðeins hærrí útgjöld núna en í fyrra, hærrí upphæð sett í edrúpottinn, og tveir fyrirlestrar voru í fyrra sem þurfti að standa kostnað af. Efnahagsreikningur var síðan kynntur. Reikningarnir voru samþykktir og verður ársreikningurinn gerður sýnilegur á heimasíðu skólans.

Skoðunarmenn reikninga gefa áfram kost á sér á næsta skólaári en það eru þær Eyrún Baldvinsdóttir og Elsa K. Elíadóttir og voru þær kjörnar samhljóða á fundinum.

Hafsteinn lagði til að félagsgjöldin verði hækkuð úr kr. 1500 í kr.2000. Salurinn samþykkti það með lófataki. Ástæðan fyrir tillögu foreldrafélagsins á hækkun félagsgjalda er að við viljum koma sterkari inn í edrúpottinn og eins að geta stutt betur við nemendafélagið. Tvær athugasemdir komu frá sal. Fyrri ábendingin var frá foreldri, sem fannst að ekki ætti að vera hagnaður af foreldrafélaginu en hann stafar af góðum heimtum félagsgjalda og að árið er rétt að byrja þannig að eftir á að eyða peningum. Ekki er á dagskrá að félagið skili hagnaði eða tapi heldur standi á jöfnu. Seinni spurningin fjallaði um hvort hægt væri að komast hjá þjónustugjöldum bankans en það er fastur kostnaður sem ekki er hægt að ná neðar. Eins var útskýrt að ekki er hægt að bæta félagsgjöldum við skólagjöldin því félagsgjöldin eru valfrjáls.

6. Fulltrúar nemendafélagsins stigu næst á stökk, þrjú fulltrúar NFVÍ. Guðrún Gígja forseti NFVÍ, Karólína formaður nemendafélagsins og Ari Páll formaður listafélagsins þau kynntu nemendafélagið fyrir foreldrum, fyrir hverju nemendafélagsið stendur og aðaláherslum þess. Þau kynntu allar nefndir í skólanum og hvað hvert og eitt félag gerir. Það er deginum ljósara að félagslífið er í miklum blóma nú sem endranær.
7. Eftir kaffihlé kom Þorgrímur Þráinsson og hélt frábæran fyrirlestur um að vera „Ástfanginn af lífinu“. Hann fór inn á það hversu miklu máli það skiptir að vera í góðu jafnvægi dags daglega, setja sér markmið og gera góðverk og ræddi hvað við foreldrarnir getum gert til að hvetja „börnin“ okkar til dáða? Er hreyfing og hollt mataræði lykillinn að vellíðan eða skipta „like“ meira máli? Þessi fyrirlestur sló rækilega í gegn og gátu margir tekið með sér góða punkta heim.

Dagskránni lauk um kl. 22:00

Margrét Ármann, fundarritari